



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2010 – 2011.

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi 14. júní 2010 og tók nýkjörin stjórn þá strax til starfa og skipti með sér verkum. Skrifstofan var lokuð 19. júlí til 3. ágúst formlega vegna sumarleyfa, en formaður sinnti málum sem upp komu og leysti úr ef hægt var.

Á árinu voru haldnir sex stjórnarfundir þar sem ýmis mál voru rædd og á fundinn sem haldinn var 31. ágúst, mætti forseti ASÍ Gylfi Arnbjörnsson og ræddi um skipulagsmál ASÍ og breytingartillögur sem lágu fyrir um skipulagsbreytingarnar innan hreyfingarinnar. Einnig kom hann inná væntanlegar samningaviðræður og hvernig hann teldi best að standa að kjarasamningsgerðinni.

Fundir formanns einkenndust þetta árið að mestu leyti af kjarasamningum og endurnýjun þeirra. Formaður sótti þrjá fundi vegna undirbúnings með sviðum innan SGS og sótti einnig 30 fundi með samningarnefnd SGS hjá sáttasemjara. Formaður ásamt varaformanni Friðriki Ívarssyni sátu tvo fundi með aðgerðarhóp samningarnefndar SGS þar sem farið var yfir þær aðgerðir sem taldar væru áhrifamestar á hverju svæði fyrir sig ef til verkfalla kæmi í kjaradeilunni. Eftir marga og langa fundi var skrifað undir samninga við SA þann 5. maí, þar sem var skrifað undir til næstu þriggja ára með fyrirvara um samþykki félagsmanna fyrir 25. maí 2011. Samninganefnd félagsins samþykkti að hafa póstatkvæðagreiðslu um samningana og fór hún fram 12. - 24. maí. Kjörstjórn kom saman þann 24. maí og taldi atkvæðin. Á kjörskrá voru 309 129 atkvæði skiluð sér eða 41,75%. Samningarnir voru samþykktir með 116 sem sögðu já 7 sögðu nei og ógild voru 6 atkvæði. Þá sat formaður einnig tvo fundi með samningarnefnd SGS þar sem fram fóru umræður um frumvarp sjávarútvegsráðherra er varðar fiskveiðistjórnun og síðan var skipað í viðræðunefnd til að semja við útgerðaraðila fyrir smábáta.



Haldnir voru tveir fundir um stöðu atvinnumála á Suðurnesjum í Stapa þann 7. og 28. Október, sem formaður sótti. Formaður situr í samráðsnefnd á vegum forsætisráðuneytisins um atvinnu og málefni Suðurnesja fyrir hönd VSFS. Fyrsti fundur var haldinn föstudaginn 3. desember í Eldvörpum að Ásbrú Reykjanesbæ og voru þessir fundir alls 4.

Formaður sat fund um atvinnumál 25. janúar á vegum atvinnumálanefndar ASÍ. Fyrir hádegi voru þrír aðilar með erindi.

Bjarni Már Gylfason hagfræðingur Samtaka iðnaðarins flutti ávarp um stöðu verklegra framkvæmda á landinu.

Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ flutti erindið *Mentun til betri starfa*.

Jón Ágúst Þorsteinsson framkvæmdastjóri Marorku ehf. flutti erindi *Störf sem skapa störf*.

Formaður sótti ársþing ASÍ sem haldið var á Hótel Nordica dagana 21.-22. nóvember. Þar voru samþykktar ýmsar skipulagsbreytingar á ASÍ, nú geta félög átt beina aðild að ASÍ og ungu fólki var tryggð viss aðkoma að starfinu. Þá var samþykkt að hafa ársfund á tveggja ára fresti, þurfti því að endurnýja umboð forystunnar til tveggja ára. Þingfulltrúar voru upp til hópa mjög samstíga í öllum ákvörðunum og sammála um hvaða verkefni skyldi leggja mestu áherslu á næsta kjörtímabili.

Formaður sótti tvo formannafundi SGS, annar var haldinn var á Egilstöðum 14. og 15. október á Hótel Héraði og hinn var haldinn 11. nóvember að Sætúni 1 þar var skipuð samninganefnd SGS í væntanlegum viðræðum við atvinnurekendur og viðræðunefnd. Síðan var farið yfir þá áherslupunkta sem höfðu borist frá félögunum og þeim fundum sem sviðin höfðu haldið. Iðnaðar og þjónustusvið áttu eftir að funda og skila inn áherslupunktum sínum.



Formaður sótti einnig formannafund ASÍ á Hótel Nordica fimtudaginn 16. September, Þar var til umfjöllunar skipulagsmál innan ASÍ, almennt um kjaramálin og væntanlega samningagerð sem framundan er með haustmánuðum.

Formaður fór á námstefnu sem haldin var á Hótel Reyhlið í Mývatnssveit dagana 23. og 24. september um ferðaþjónustuna og svarta starfsemi sem er stunduð innan starfsgreinarinnar.

Formaður fór á kynningarfund í Helguvík hjá starfsmannastjóra Norðuráls Skúla Skúlasyni um hvernig þeir hugsa sér að taka á vímuvarnarmálum hjá Norðuráli á byggingartímanum og þegar starfsemi hefst hjá fyrirtækinu

Formaður sat 27. þing Sjómannasambands Íslands á Grand Hótel Reykjavík dagana 2.og 3.desember. Mikill einhugur var á þessu þingi og unnið var með þjóðfundarfyrirkomulagi að stefnumörkun í væntanlegum kjaraviðræðum og öðrum málum sem skipta sjómenn mestu máli þessa stundina og inn í þá framtíð sem þeir vilja sjá hjá sjómannastéttinni.

Magnús og Friðrik fóru og sátu kynningarfund um málefni Festu lífeyrissjóð sem var haldinn að Krossmóa 4 Reykjanesbæ og sátu einnig aðalfund Festu lífeyrissjóðs sem haldinn var á Hótel Selfoss 28. apríl þar sem félagið átti tvo fulltrúa.

Félagið sendi fulltrúa sinn sem var Haraldur Sigfús Magnússon á þing ASÍ Unga. Tók hann virkan þátt í þeirri stefnumótunarvinnu sem fram fór þar á þinginu og var Haraldur mjög ánægður með þingið og starfið sem þar fór fram.

Það má með sanni segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá stjórn og starfsfólki félagsins. Ég sem formaður félagsins vil þakka þessu fólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þetta samstarf hefur veitt mér mikla gleði í starfi fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar
Magnús S. Magnússon.
Formaður